

Steinunn Kristjánsdóttir

Skriðuklaustur – híbýli helgra manna

Áfangaskýrsla fornleifarannsókna 2009



Skýrslur Skriðuklaustursrannsókna XXV

Steinunn Kristjánsdóttir

Skriðuklaustur – híbýli helgra manna

Áfangaskýrsla fornleifarannsókna 2009

© Steinunn Kristjánsdóttir 2010

Skriðuklaustur – híbýli helgra manna. Áfangaskýrsla fornleifarannsókna 2009

Skýrslur Skriðuklaustursrannsókna XXV

Útgefandi: Skriðuklaustursrannsóknir

Útgáfustaður: Reykjavík

Forsíðumynd: Hnífur með útskorna Maríumynd á skafti

ISBN 978-9979-9970-1-6

ISSN 1670-7982

Efnisyfirlit

INNGANGUR	4
REKSTUR RANNSÓKNAR	5
UPPGRÖFTUR Á RÚSTUM SKRÍÐUKLAUSTURS ÁRIÐ 2009	6
STARFSMENN	6
RANNSÓKNARSVÆÐIÐ	8
RÚSTIR KLAUSTURHÚSA	9
GRAFIR	12
GRÍPIR	13
GREININGAR	13
<i>Mannabein</i>	13
<i>Dýrabein</i>	14
SKRÍÐUKLAUSTUR; BYGGING OG HLUTVERK	16
LOKAORD	18
HEIMILDIR	19
VIÐAUKI I – FUNDASKRÁ	21

Inngangur

Uppgrefti var haldið á fram á Skriðuklaustri áttunda sumarið í röð árið 2009. Stóð hann yfir frá 15. júní til 14. ágúst. Unnið var á ellefu svæðum innan klausturhúsanna, grafnar upp 34 grafir úr kirkjugarðinum og skráðir rúmlega 1000 gripir í fundaskrá.

Í þessari XXV. skýrslu Skriðuklaustursrannsókna¹ er skýrt frá framvindu uppgrftarins, sem og rannsóknarinnar allrar árið 2009. Starfsmenn voru 16 og unnu þeir við hana í skemmri eða lengri tíma. Steinunn Kristjánsdóttir hafði yfirumsjón með verkefninu en til aðstoðar var Margrét Valmundsdóttir. Vann hún við úrvinnslu allt árið í hálfri stöðu auk þess að taka þátt í uppgreftinum sjálfum. Aðrir starfsmenn unnu í tvo mánuði eða skemur.

Rannsóknin árið 2009 var rekin fyrir stofnframlag úr ríkissjóði, að upphæð 5,5 milljónir króna. Einnig fengust framlög veitt til rannsóknarinnar úr ýmsum öðrum mikilvægum sjóðum, eins og Leonardo-áætlun ESB, Rannís, Fornleifasjóði, Þjóðhátíðarsjóði og Rannsóknasjóði HÍ. Samstarfi var jafnframt haldið áfram við Gunnarsstofnun á Skriðuklaustri, Minjasafn Austurlands á Egilsstöðum, skoska fyrirtækið Grampus Heritage and Training Ltd., Þjóðminjasafn Íslands og Háskólan í Flórens.

Fornleifarannsóknin var kynnt með ýmsum hætti á árinu. Þrjár sýningar voru opnaðar, fjórar greinar voru birtar í ritrýndum ritum og þrjár skýrslur um greiningar gefnar út í skýrsluröð rannsóknarinnar. Niðurstöður voru einnig kynntar með fyrirlestrum á fimm ráðstefnum innanlands og utan, auk veggspjaldakynninga á ráðstefnu í Háskólanum Bradford og Háskóla Íslands.

¹ Stjórn félagsins Skriðuklaustursrannsókna (SKR) sem stofnað var haustið 2001 hefur yfirumsjón með fornleifarannsókninni á klaustrinu og annast framkvæmd hennar. Í stjórn þess sitja árið 2007 Skúli Björn Gunnarsson forstöðumaður, tilnefndur af Gunnarsstofnun (stjórnarformaður), varamaður hans er Vésteinn Ólason, forstöðumaður Stofnunar íslenskra fræða, Elfa Hlín Pétursdóttir, safnstjóri Minjasafns Austurlands (ritari), varamaður hennar er Sigurjón Bjarnason formaður stjórnar Minjasafns Austurlands, Anna Lía Rúnarsdóttir deildarstjóri, tilnefnd af Þjóðminjasafni Íslands, varamaður hennar er Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður, sr. Jóhanna Sigmarsdóttir prófastur, tilnefnd af Biskupsstofu, varamaður hennar er sr. Lára Oddsdóttir sóknarprestur á Valþjófsstað, Jón Kristjánsson fyrirverandi alþingismaður og varamaður hans er Erna Indriáadóttir upplýsingafulltrúi Alcoa á Austurlandi, án tilnefningar. Höfundur þessarar skýrslu er framkvæmdastjóri félagsins og verkstjóri rannsókna.

Rekstur rannsóknar

Framlög til rannsóknarinnar árið 2009 námu samtals rúmum 13 milljónum króna. Þau komu úr eftirfarandi sjóðum:

- 1) 5,5 milljónum króna var veitt úr ríkissjóði til almenns reksturs rannsóknarinnar, þ.m.t. laun heilsárs- og hlutastarfsmanna, greiningu mannabeina og dýrabeina, svo og til þess að greiða kostnað vegna forvörslu gripa frá uppgreftinum.
- 2) Rannís veitt rannsókninni styrk að upphæð 3,2 milljónir króna vegna þriggja ára verkefni frá 2007. Var styrkurinn nýttur til heildarúrvinnslu og túlkun teikninga frá uppgreftinum á Skriðu frá upphafi rannsókna, svo og til að ráða þrjá starfsmenn til rannsóknarinnar í hlutastörf. Er þetta síðasta árið sem styrkur er veittur frá Rannís.
- 3) Fornleifasjóður veitti verkefninu 3,2 milljónir til reksturs uppgraftarins sjálfs á Skriðuklaustri.
- 4) Rannsóknasjóður Háskóla Íslands veitti rannsókninni styrk að upphæð 600 þúsund krónur til grunnvinnslu teikninga frá uppgrefti sumarið 2008 og röntgenmyndatöku mannabeina.
- 5) Rúmlega 1,6 milljón króna var veitt úr Leonardo áætlun Evrópusambandsins til að greiða ferða- og uppihaldskostnað fimm breskra fornleifafræðinga vegna starfa þeirra í átta vikur við uppgröftinn.
- 6) Þjóðhátíðarsjóður veitti 1 milljón kr. styrk til sérstakrar rannsóknar á rústum Skriðukirkju og gröfum við hana. Verkefni þessu er lokið og hefur skýrslu verið skilað.

Laun verkefnastjóra, Steinunnar Kristjánsdóttur, eru ekki inni í þessum tölum nema að litlu leyti, því hún nýtir rannsóknarskylduhluta dósentstöðu, sem hún situr í við Háskóla Íslands og Þjóðminjasafn, til þess að sinna rannsókninni.

Rekstur uppgrafar á Skriðuklaustri er stærsti útgjaldaliður rannsóknarinnar en í honum felst laun og uppihald sumarstarfsmanna, rekstur vinnubúða og bifreiða. Til hans telst jafnframt kostnaður vegna umbúða og uppgrafaráhalda. Aðrir stórir liðir tengjast forvörslu og greiningarvinnu ýmiskonar, s.s. á jarðvegssýnum, gripum og beinum dýra og manna, auk aðkeyptrar vinnu við opnun svæða á vinnuvélum. Öllum

þeim sem störfuðu við uppgröftinn, svo og styrktaraðilunum, eru hér með færðar bestu þakkir.

Uppgröftur á rústum Skriðuklausturs árið 2009

Uppgröftur sumarið 2009 hófst á Skriðuklaustri mánudaginn 15. júní og stóð hann til föstudagsins 14. ágúst. Unnið var við uppgröft alla virka daga en að venju unnu starfsmenn uppgrafarins við þökkun og frágang á gripum, ásamt Giuseppe Venturini forverði og aðstoðarmönnum hans, þegar illa viðraði til útivinnu. Gunnarsstofnun á Skriðuklaustri lánaði verkefninu skemmu til þessa þáttar vinnunnar, auk þess að veita starfsmönnum endurgjaldslausan aðgang að skrifstofu með tölvubúnaði.

Starfsmenn

Sextán fornleifafræðinemar, fornleifafræðingar og forvörður unnu við uppgröftinn á rannsóknarstað yfir sumartímamann, að meðtöldum verkefnisstjóra sem stýrði uppgrefti. Átta aðrir sérfræðingar hafa unnið við greininga á vegum hans allt árið eða hluta úr því (sjá mynd 1 og töflu 1). Var það heldur fámennari hópur en síðustu tvö sumur.



Mynd 1. Starfsmenn uppgrafar á Skriðuklaustri sumarið 2009.


Tveir mannabeinafræðingar unnu á staðnum við greiningu mannabeina. Það voru dr. Elsa Pacciani og Cecilia Collins en hún stundar nú doktorsnám við Háskóla Íslands. Gert var einnig átak í að greina þau mannabein sem grafin hafa verið upp á undanförunum árum. Auk þessa vann dr. Sheila Hamilton-Dyer að greiningu dýrabeina á greiningarstofu sinni í Sheffield. Skilaði hún skýrslu með niðurstöðum þeirra í desember og verða þær gefnar út í sérstakri skýrslu.

Rannsókn 2009					
	Starfsmenn	Gráða	Skóli/Stofnun	Tímabil	Verkefni
1	Steinunn Kristjánsdóttir	Fil.dr. fornleifafræði	Þjóðminjasafn/HÍ	6 mm	Verkstjóri
2	Margrét Valmundsdóttir	BA fornleifafræði	Háskóli Íslands	8 mm	Aðstoðar- verkstj./grafir
3	Lilja Laufey Davíðsdóttir	BA fornleifafræði	Háskóli Íslands	2 mm	Grafir
4	Bjarki Borgþórsson	BA fornleifafræði	Háskóli Íslands	2 mm	Klausturhús
5	Margrét S. Kristjánsdóttir	BA nemi í fornleifafræði	Háskóli Íslands	2 mm	Klausturhús
6	Sverrir Sævar Jónsson	BA nemi í fornleifafræði	Háskóli Íslands	2 mm	Klausturhús
7	Una Helga Jónsdóttir	BA nemi í fornleifafræði	Háskóli Íslands	2 mm	Klausturhús
8	Sindri Garðarsson	BA nemi í fornleifafræði	Háskóli Íslands	2 mm	Klausturhús
9	Lucy Lilliman	BA fornleifafræði	University of Sheffield	0,5 mm	Klausturhús
10	Rowena Thomson	BA fornleifafræði	University of Glasgow	0,5 mm	Klausturhús
11	Adriana Zugaiar	BA í fornleifafr. Og sögu	University of London	2 mm	Klausturhús
12	Janis Mitchell	MA nemi í fornleifafræði	Orkney College	2 mm	Klausturhús
13	Catherine Browne	BA fornleifafræði	University of Edinburgh	2 mm	Klausturhús
14	Cecilia Collins	MSc mannabeinafræði	Háskóli Íslands	1 mm	Greiningar mannabein
15	Elsa Paccini	Dr. mannabeinafræði	IVALSA, Hásk. Í Flórens	0,75 mm	Greiningar mannabein
16	Giuseppe Venturini	Forvörður	Soprintendente per i Beni Archeologici della Toscana	0,75 mm	Fyrsta forvarsla
Samtals				35,5	

Tafla 1. Listi yfir starfsmenn Skriðuklaustursrannsókna 2009.

Rannsóknarsvæðið

Rannsóknarsvæðið á Skriðuklaustri einskorðist sem fyrr við svokallað Kirkjutún sem liggur um 150 metra austur af gamla bæjarstæðinu á Skriðu. Samtals hafa 34 reitir verið opnaðir innan þess frá upphafi (mynd 2). Flestir þeirra eru 35 fermetrar á stærð. Heildarstærð þess svæðis sem hefur verið grafið upp er 1190 fermetrar en reiknað er með að rústirnar nái alls yfir um 1300 fermetrar stórt svæði, að grafreit meðtöldum. Líkur eru þess vegna á að uppgrefti á Skriðuklaustri ljúki árið 2012 eins og gert var ráð fyrir í upphaflegri áætlun.



Mynd 2. Teikning af svæðaskiptingu innan rannsóknarsvæðisins á Skriðuklaustri.

Á mynd 2 má sjá þá flesta þeirra reita sem hafa verið opnaðir til þessa. Þeir eru auðkenndir með bókstöfum. Bent er þó á að ekki hefur enn verið grafið í reiti Ð. Sumarið 2009 var lokið við uppgroft á sex opnum reitum á rannsóknarsvæðinu og á því miðju. Þessir reitir eru auðkenndir með bókstöfunum M, X, Þ, Æ, Z og Y. Sex ný svæði voru opnuð og eru þau auðkennd með bókstöfunum Í, Ö, Ú, É, Ø og Ý. Er þetta talsvert meira en gert var ráð fyrir í áætlun. Aftar í þessari skýrslu má sjá

heildartúlkun þeirra minja sem grafnar hafa verið upp innan rannsóknarsvæðisins alls (sjá mynd 9).

Rústir klausturhúsa

Innan klausturhúsanna var í unnið við uppgröft á sjúkrasal en rýmið er það stærsta sem grafið hefur verið fram til þessa. Það nær yfir reiti Z og Y sem sjá má á mynd 2 og hefur verið allt að 70 fermetrar að innanmáli.

Vitað er af skála frá víkingaöld undir rústum klaustursins. Kom nyrðri endi hans einnig í ljós á svæði Z. Nær skálinn yfir á svæði J sem áður var grafið upp (mynd 3).



Mynd 3. Nyrðri endi skála frá víkingaöld undir rústum klaustursins.

Haldið var áfram uppgrefti á svæðum X, Þ og Æ en þau voru opnuð sumarið 2008. Ekki var búist við að frekari rústir kæmu í ljós á svæði X miðað við niðurstöður frá sumrinu áður. Það kom því á óvart þegar þar fannst gangur sem tengir saman kirkju og klausturhús. Hefur hann væntanlega verið yfirbyggður. Leifar hans voru nærri horfnar, að líkindum vegna endurbyggingar kirkjunnar um miðja 17. öld.

Fundur gangsins er afar mikilvægur fyrir túlkun á rústunum því hann rennir enn frekari stoðum undir það að klausturbyggingin hafi verið byggð með sama hætti og

aðrar eins utan Íslands. Slíkur gangur er venjulega kallaður næturtrappa en um hann gengu reglubræður til tíða að nóttu sem degi án þess að fara undir bert loft.

Lokið var við uppgröft á þessu svæði sumarið 2009, líkt og á svæði Þ. Innan þess var syðra horn svefnskála bræðranna grafið upp. Á svæðinu kom einnig í ljós hleðsla sem liggur undir ógrafið svæði NV við kirkju (mynd 4).



Mynd 4. Hleðsla á svæði Þ.

Lokið var við uppgröft á svæði Æ en það liggur innan klausturgarðsins, austan við kirkjukórinn og sunnan við brunninum. Á svæðinu komu í ljós hleðslur sem reyndust vera fráfall frá brunninum (mynd 5), auk grafa. Var það hlaðið úr hellugrjóti að hluta. Voru grafir sem lágu næst fráfallinu illa varðveittar vegna raka frá því og brunninum. Á svæðinu kom einnig í ljós önnur hleðsla úr grjóti en hlutverk hennar er óljóst. Var hún gerð úr einfaldri röð steina sem myndaði hálfhring (mynd 5).

Á svæði Æ var ennfremur grafinn upp eftir endilöngu svæðinu um meters þykkur veggur, sem eingöngu var gerður úr torfi (mynd 5). Um er að ræða úrvegg klausturhúsaþyrpingarinnar allrar, þ.e. svokallaðan klausturmúr, en áframhald þessa veggjar var grafið upp á svæðum Á, Ý, É og Ø. Myndar hann ytri múr klaustursins en innan hans eru sjáanlegar grafir sem liggja þá sunnan við kirkjubýgginguna (mynd 9).



Mynd 5. Fráfall á svæði Æ.

Svæði Ö var einnig opnað fyrst sumarið 2009. Framhald klausturmúranna kom þar í ljós, líkt og á svæðum Å, Ý, É og Ø, ásamt inngangi í klausturgarðinn (mynd 6). Ekki tókst að ljúka við uppgröft á svæðinu að þessu sinni.



Mynd 6. Inngangur í klausturgarðinn að austanverðu.

Heildarteikning af rústum Skriðuklausturs er birt aftur í þessari skýrslu (mynd 9). Þar

má sjá túlkanir á þeim rýmum sem grafin hafa verið fram til þessa, svo og staðsetningu innganga í klausturhúsapýrpinguna.

Grafir

Lokið við að grafa upp 34 grafir sumarið 2009 en aldrei hefur tekist að opna svo margar grafir áður á einu sumri. Mannabeinasafn Skriðuklausturs telur nú 157 beinagrindur og er það þar með orðið það stærsta heildastæða beinasafn sem grafið hefur verið upp á einum stað hérlandis til þessa (tafla 2).

ÁR	NÚMER														
2003	1														
2004	3	8	9	11	12	15	16	18	20	25	26	42	43	44	46
	51	53	73												
2005	6	19	21	22	23	28	29	30	32	33	45	47	56	57	58
	60	61													
2006	2	4	7	62	63	65	66	67	68	69	70	71	72		
2007	5	17	24	27	31	34	36	37	48	49	50	54	55	59	64
	74	75	76	77	78	80	81	82	83	84	85	86	88	89	90
	91	92	93	94											
2008	10	14	87	95	96	97	98	99	100	101	102	103	104	105	106
	107	108	109	110	111	112	113	114	115	116	117	118	119	120	121
	122														
2009	123	124	125	126	127	128	129	130	131	132	133	134	135	136	137
	138	139	140	141	142	143	144	145	146	147	148	149	150	151	152
	153	154	155	156	157										

Tafla 2. Uppgrafnar grafir frá Skriðuklaustri við sumarlok 2009.

Sjá má dreifingu grafa frá Skriðuklaustri á mynd 9 sem birt er aftar í þessari skýrslu. Flestar þeirra eru frá því 60 ára tímabili sem klaustur var rekið á staðnum, þ.e. frá 1494-1554. Aðrar eru að líkindum grafir staðarhaldara og sýslumanna sem bjuggu á Skriðuklaustri eftir siðbreytingu til loka 18. aldar en þeir og fjölskyldur þeirra áttu leg í kirkjugarðinum.² Eftir að hætt var að jarða á staðnum má gera ráð fyrir að

² Heimir Steinsson 1965, bls. 61 o.áfr.; Steinunn Kristjánsdóttir og Margrét Valmundsdóttir 2009.

heimilisfólk á Skriðu hafi verið jarðað við sóknarkirkjuna á Valþjófsstað sem liggur aðeins í um tveggja kílómetra fjarlægð.

Ekki er vitað hversu margar grafir eru eftir óopnaðar en nauðsynlegt er að grafa þær allar upp vegna lýðfræðilegs samhengis kirkjugarðsins alls. Mannabein voru annars greind um leið og þau voru grafinn upp en tveir mannabeinafræðingar voru sem fyrir segir í hópi starfsmanna sumarið 2009.

Gripir

Samtals voru grafnir upp ríflega 1000 gripir sumarið 2009 og er það nokkuð í samræmi við eðli rústanna. Forvarsla gripa fór fram á staðnum meðan á uppgrefti stóð, líkt og fyrri ár. Er því forvörslu allra gripa frá uppgreftinum lokið. Meðal gripa eru hnífar, leirker, skreytingar af ýmsu tagi, auk fjölda dýrabeina, nagla og ógreinanlegra hluta úr málmi (sjá fundaskrá 2009 í viðauka).

Einn þeirra hnífa sem fannst er með skreyttu skafti úr látúni. Fannst hann í sjúkralausturum klaustursins. Skreytingin sýnir Maríu mey en klaustrið var helgað henni. Mynd af hnífnum prýðir forsíðu þessarar skýrslu.

Greiningar

Árið 2009 var áfram unnið að greiningum á mannabeinum og lokið við greiningu dýrabeina sem grafinn voru upp á árunum 2003-2007. Hér á eftir verður greint frá helstu niðurstöðum úr þeim.

Mannabein

Greiningar á mannabeinum hafa frá árinu 2004 verið gerðar jafnóðum og þau hafa verið grafinn upp. Síðustu ár hafa greiningar af dr. Elsu Pacciani mannabeinafræðingi og Cecilia Collins, sem nú stundar doktorsnám við Háskóla Íslands. Niðurstöður þeirra eru í samræmi við fyrri greiningar, sem benda til þess að einstaklingar sem hlutu leg í klausturgarði Skriðuklausturs hafi átt við ýmiskonar veikindi að stríða. Um er að ræða allt frá einkennum landlægra sjúkdóma til áverka af völdum álags eða slysa.

Sumarið 2009 voru fleiri tilfelli af sárásótt greind en þau eru nú orðin átta talsins. Önnur átta tilfelli af sullaveiki voru greind en aðeins eitt hafði verið greint áður í beinasafninu. Í einni gröfinni fannst yfir 17 cm stór sullablaðra (mynd 7) og er hún sú stærsta sem fundist hefur til þessa hérlendis. Athygli vakti að allir sullaveiku

einstaklingarnir, nema einn, voru jarðaðir á sama stað innan kirkjugarðsins en það gæti bent til þess sérstakrar skilgreiningar á sjúkdómnum.³



Mynd 7. Í einni gröfinni fannst yfir 17 cm stór kalkgerð sullablaðra.

Í beinasafninu voru annars auk þessa greindir áverkar vegna beinbrota og einkenni eftir beinkröm og skyrbjúg á háu stigi. Greiningar þeirra Elsu og Ceciliu eru birtar í sérstökum gagnagrunni yfir grafir frá Skriðuklaustri en niðurstöður er aðgengilegur í pdf formi á heimasíðu verkefnisins á slóðinni <http://notendur.hi.is/sjk/SKR.htm>.

Röntgenmyndatöku á öllu beinasafninu var einnig haldið áfram á árinu en það verk sækist frekar hægt. Myndatökurnar hófust árið 2006. Að henni standa Katrín Sigurðardóttir geislafræðingur, dr. med. Ásbjörn Jónsson röntgenlæknir á Landspítala Háskólasjúkrahúsi, auk Ceciliu Collins.

Dýrabein

Sheila Hamilton-Dyer sem rekur greiningarstofu í forndýrabeinafræði greindi þau dýrabein sem grafin voru upp árin 2003-2007. Voru þau 9868 talsins. Eru þau eingöngu frá því 60 ára tímabili (1493-1554) sem klaustrið var rekið á staðnum. Rétt er að benda á að áður hafði verið lokið við greiningu þeirra beina sem grafin voru upp árið 2002.⁴

³ Steinunn Kristjánsdóttir og Cecilia Collins (í prentun).

⁴ Sjá Albína Hulda Pálsdóttir 2006.

Niðurstöður úr greiningu Sheilu eru í stuttu máli þær að mataræði á Skriðuklaustri hefur verið í líkingu við það sem sjá má á öðrum höfuðbýlum héraendis á miðöldum, t.d. á Bessastöðum á 16. öld. Nautgripakjöt hefur verið flutt á staðinn en sauðfé hefur líklega verið slátrað á staðnum. Kjöt af sel og álft hefur verið nokkuð algengt á borðum þeirra sem bjuggu á Skriðuklaustri. Átta smáhundar hafa verið á staðnum og einn hundur af stærri tegund. Eru það heldur fleiri smáhundar en fundist hafa á öðrum uppgrafarstöðum héraendis, eins og á Hólum og Gásam.

Sérstaka athygli vekja þau þorskbein sem greind voru í beinasafninu. Um er að ræða bein af stórþorski sem hefur yfirleitt verið yfir 1 metri á lengd. Þar sem stórþorsk er ekki að finna austar en í Berufirði má reikna með að hann hafi verið fluttur af Suðurlandi á Skriðuklaustur. Klaustrið átti verstöð í Suðursveit og kann þorskurinn að vera þaðan. Hafi svo verið, rennir það stoðum undir þá kenningu að hægt hafi verið að ganga frá Skriðuklaustri yfir hálendið suður í Lón.⁵



Mynd 8. Einn 46 unninna hámerarhryggjarliða sem fundust innan Skriðukirkju.

Eins vekur athygli fjöldi hryggjarliða úr hámeri í dýrabeinasafninu. Heildarfjöldi þeirra er 77 og fundust þeir allir innan kirkjunnar. Úr 46 þeirra hafa verið búnir til hringir (mynd 8).

Skýrsla um dýrabeinagreiningarnar verður aðgengileg í pdf formi eins og aðrar skýrslur á heimasíðu verkefnisins á slóðinni <http://notendur.hi.is/sjk/SKR.htm>.

⁵ Hjörleifur Guttormsson 1993, bls. 145.

Skriðuklaustur; bygging og hlutverk

Þó svo að engin tvö kaþólsk klaustur líti nákvæmlega eins út, eru þau engu að síður byggð samkvæmt þekktri reglu. Innan þeirra allra er að finna sömu herbergin sem raðað var niður í ákveðna röð innan afgirts ramma klausturmúranna.⁶

Húsum Skriðuklausturs var raðað niður eftir þessari reglu. Þar myndaði kirkja nánast eina hlið klausturbyggingarinnar, klausturhús tvær þeirra og loks útihúsin þá fjórðu. Rammgerður torfveggur lokaði því bili sem var á milli klausturhúsa og kirkju. Fyrir miðri klausturhúsaþyrpingunni var svo klausturgarðurinn. Í honum var brunnur og frá honum lá áðurnefnt fráfall (mynd 9).



Mynd 9. Grunnform Skriðuklausturs. Teikninguna vann Margrét Valmundsdóttir.

⁶ Horn og Born 1979.

Innri húsaskipan klaustursins á Skriðu, sem og annars staðar, tók síðan í grundvallaratriðum mið af því að greina á milli helgustu vistarvera bræðranna sjálfra annars vegar og þeirra skjólstaðinga sem leituðu á náðir þeirra hins vegar. Í klausturhúsabyrpingunni mátti sjá svokallaða næturtröppu, svefnskála (*dormitorium*), baðhús, samtalsherbergi (*capitulum*), ábótastofu, matsal (*refectarium*), eldhús og sjúkrasal (*infirmary hall*), auk skemmu og skepnuhúsa.

Helgustu vistarverur bræðranna, fyrir utan kirkjuna, voru næturtrappan, sem tengdi saman klausturhús og kirkju, svefnskálinn, baðhúsið, samtalsherbergið og ábótastofan. Þær voru staðsettar næst kirkjunni en útihúsin voru fjærst. Matsalurinn og eldhúsið voru þarna á milli og austan þeirra sjúkrasalurinn, sem var stærsta rými Skriðuklausturs, fyrir utan kirkjuna.

Flest rýmin voru um og yfir 10 m² á stærð en sjúkrasalurinn sjö sinnum stærri. Sjúkir, og aðrir gestir, hafa hafst við í honum og um leið fjarri vistarverum bræðranna. Um næturtröppuna gengu bræðurnir beina leið úr svefnskála til tíða í kirkju dag sem nótt, án þess að þurfa að fara undir bert loft eða hafa afskipti af gestum klaustursins. Aðalinnangangurinn í klaustrið lá annars á milli matsalar og eldhúss á norðurgafli, sem var yfir 30 metra langur. Annar inngangur var inn í klaustrið að austanverðu og lá hann um klausturgarðinn. Röðun legstæða í kirkjugarði klaustursins en hún endurspeglar einmitt hlutverk þess og starfsemi.

Enginn vafa leikur lengur á því að spítali hafi verið rekinn á klausturtíma á Skriðu. Miðað við fjölda þeirra beinagrinda sem bera einkenni sjúkdóma má gera ráð fyrir að yfir 70 einstaklingar hafi leitað þangað og látist af völdum meina sinna. Mjög erfitt er samt að greina á milli einstakra grafa frá því fyrir og eftir siðbreytingu um miðja 16. öld, þrátt fyrir breyttar trúarlegar áherslur þegar klaustrið var lagt niður og kaþólsk trú bönnuð.

Dreifing legstæða á Skriðuklaustri gefur engu að síður til kynna mun flóknari samsetningu en greina má af hefðbundnum sóknarkirkjugörðum, því staðsetning þeirra innan kirkjugarðsins var augljóslega bundin við aðgengi að mismunandi rýmum klaustursins. Eftir siðbreytingu var horfið frá þessum viðmiðum og byggt á fjölskylduböndum við val á legstæðum. Með þessu er átt við að eftir siðbreytingu hafi fjölskyldumeðlimir verið jarðaðar nærri hver öðrum, burtséð frá kyni eða aldri eins og gert var á klausturtíma.

Klausturspítalar voru skyldugir að greftra þá sem dóu í þeirra umsjá. Voru sjúklingarnir því jarðaðir þar. Reglubræður áttu ennfremur sjálfkrafa leg í eigin

klaustri, dóu þeir í þjónustu þeirra. Loks áttu velgjörðarmenn viðkomandi klausturs rétt á greftrun þar.⁷ Skipta má kirkjugarði klaustursins í fjögur mismunandi svæði sem tilheyrðu hverjum hópnum fyrir sig. Almennigur fékk leg utan klaustursins sjálfs en samt innan múra þess. Sjúklingar og reglubræður voru einnig jarðaðir innan múra þess en í öðrum tveimur afskildum reitum. Loks voru það velgjörðarmenn sem fengu leg í helgasta rými klaustursins, í sjálfri kirkjunni sem var opin bæði almenningi og reglubræðrum. Sýslumenn og fjölskyldur þeirra voru jarðaðir eftir siðbreytingu í reit reglubræðranna við kórbakið.

Lokaorð

Líkt og fram hefur komið hér að framan tókst að afla meiri gagna sumarið 2009 en áður hefur verið tekist þau átta sumur sem uppgröfturinn hefur staðið yfir. Hægt var þess vegna að svara mörgum spurningum um hlutverk og byggingu klaustursins sem legið hafa ósvaraðar um nokkurn tíma. Sumar þeirra staðfesta enn frekar fyrri kenningar sem þegar hafa verið lagðar fram um staðinn, aðrar leiða nýja þætti í ljós. Hæst bera fimm atriði frá uppgrefti 2009. Þau eru þessi:

1. Grafið var upp fráfall frá brunninum sem fannst sumarið 2005. Fráfallið rennir enn frekari stoðum undir það að í klausturgarðinum miðjum hafi verið brunnur, eins og venjulega var í öðrum kaþólskum klaustrum.
2. Bygging sem tengir saman klausturhús og kirkju kom í ljós og hefur hún líklega verið yfirbyggð. Fundur þessarar tengibyggingar er afar mikilvægur en hann staðfestir það að klaustrið var byggt að sömu fyrirmynd og önnur klaustur utan Íslands. Ein helsta spurning rannsóknarinnar snýr einmitt að þessu atriði, þ.e. hvort klaustrið á Skriðu hafi verið byggt að erlendri fyrirmynd. Þessi tengibygging er venjulega kölluð næturtrappa en um hana gengu bræður klaustursins úr svefnskála (*dormitorium*) til tíða í kirkjunni, dag sem nætur.
3. Austarlega á rannsóknarsvæðinu kom í ljós stærsta rými klaustursins, fyrir utan kirkjuna sjálfa. Þetta rými liggur fjærst kirkju en úr því er aðgengi að eldhúsi. Staðsetning þessi bendir til þess að í rýminu hafi sjúklingar

⁷ Møller-Christensen, V. 1982, bls. 62-64; Gilchrist, R. og Sloane, B. 2005, bls. 56-71; Miller, P. og Saxby, D. 2007, bls. 129-139, 146 o.áfr.

klaustursins hafst við en augljóst er að spítali var rekinn þar, líkt og í mörgum öðrum samtíða Ágústínusarklaustum. Rými þetta er venjulega nefnt *infirmary hall*.

4. Mannabein þau sem grafin voru upp sumarið 2009 undirstrika frekar en áður þá læknisstarfsemi sem fram fór í klaustrinu. Nú er ennfremur orðið ljóst að þeir sem dóu í umsjón klausturbæðra, fengu leg inni í klausturgarðinum sjálfum. Þar hafa sjúklingar á öllum aldri og af báðum kynjum verið jarðaðir. Almennigur sem keypti sér leg við klausturkirkjuna var hins vegar jarðaður sunnan við hana og þar með utan við klaustrið sjálft. Austan við kirkjukórinn voru bræðurnir jarðaðir, svo og sýslumenn og fjölskyldur þeirra eftir að klausturlifnaði lauk á Skriðu um siðaskiptin. Þessi skipting kirkjugarðsins hefur ekki verið ljós fyrr en nú. Er hún í samræmi við þá skiptingu sem fram kemur í öðrum klaustum utan Íslands.
5. Inngangs í klausturgarðinn að austanverðu hefur verið leitað undanfarin ár og kom hann í ljós við uppgröftinn sumarið 2009. Svo virðist sem að klausturgarðurinn verið afmarkaður með þykkum múr en ekki byggingum.

Nú þegar hefur verið grafin upp rúst klausturkirkju, tíu mismunandi vistarverur innan klausturhússins sjálfs, auk tveggja skepnuhúsa og klausturmúrs. Samanlagður fjöldi rannsakaðra grafa frá Skriðuklaustri er nú 157. Munir þaðan eru um 12.000 frá upphafi rannsóknar þar 2002. Reiknað er með að rannsókn á staðnum verði lokið árið 2012.

Heimildir

Albína Hulda Pálsdóttir (2006). *Archaeofauna from Skriðuklaustur, East Iceland*. [Skýrsla]. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir og NABO.

Gilchrist, R. and Sloane, B. (2005). *Requiem. The Medieval Monastic Cemetery in Britain*. London: Museum of London Archaeological Service.

Heimir Steinsson (1965). *Saga munklífis að Skriðu í Fljótsdal*. Ritgerð til embættisprófs í guðfræði: Háskóli Íslands.

Hjörleifur Guttormsson (1993). Við rætur Vatnajökuls. *Árbók Ferðafélags Íslands*. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.

Horn, W. og Born, E. (1979). *The Plan of St. Gall*. California Studies of History of Art nr. 19. Þrjú bindi. London, Los Angeles og Berkeley: University of California Press.

Miller, P. and Saxby D. (2007). *The Augustinian priory of St. Mary Merton, Surrey. Excavations in 1976-90*. MoLAS Monograph 34. London: Museum of London Archaeology Service.

Møller-Christensen, V. (1982). *Æbelholt kloster*. Fyrst gefin út 1958. Kaupmannahöfn: Nationalmuseet.

Steinunn Kristjánsdóttir og Cecilia Collins (í prentun). Cases of Hydatid Disease in Medieval Iceland. *International Journal of Osteoarchaeology*.

Steinunn Kristjánsdóttir og Margrét Valmundsdóttir (2009). *Kirkja staðarhaldara og sýslumanna á Skriðuklaustri 1554-1793. Áfangaskýrsla um kirkju, grafir og grafsiði. Skýrslur Skriðuklaustursrannsókna XXIV*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.

Viðauki I – Fundaskrá

Skýringar:

Svæði: Bókstafur svæðis

T-lag: Númer teiknilags

J-lag: Númer jarðlags

Skráð af:

SJK: Steinunn Kristjánsdóttir

MV: Margrét Valmundsdóttir

LLD: Lilja Laufey Davíðsdóttir

BB: Bjarki Borgþórsson

MSK: Margrét S. Kristjánsdóttir

SSJ: Sverrir Sævar Jónsson

UHJ: Una Helga Jónsdóttir

SG: Sindri Garðarsson

LL: Lucy Lilliman

RT: Rowena Thomson

AZ: Adriana Zugaiar

JM: Janis Mitchell

CB: Catherine Browne

CC: Cecilia Collins

Skýrslur Skriðuklaustursrannsóknna

- I. Steinunn Kristjánsdóttir 2003: *Skriðuklaustur – hibyli helgra manna. Áfangaskýrsla fornleifarannsóknna 2002*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- II. Magnús Sigurgeirsson 2003: *Skriðuklaustur í Fljótsdal – fornleifarannsókn 2002. Gjóskulagagreining*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- III. Jonathan Møller 2003: *Identification of Skriðuklaustur's animal bones 2002*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- IV. Steinunn Kristjánsdóttir 2004: *Skriðuklaustur – hibyli helgra manna. Áfangaskýrsla fornleifarannsóknna 2003*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- V. Giuseppe Venturini 2004: *Preservation Condition of Metal Objects From Skriðuklaustur Excavation 2003*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- VI. Hákon Jensson 2004: *Garðrækt í Skriðuklaustri*. Verkefni Nýsköpunarsjóðs námsmanna. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- VII. Albína Hulda Pálsdóttir 2004: *Bókagerð í miðaldaklaustrinu á Skriðu í Fljótsdal*. Verkefni Nýsköpunarsjóðs námsmanna. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- VIII. Macchioni, Nicola og Lazzeri, Simonia 2004: *Anatomical identification of the wooden samples from the Skriðuklaustur excavation (samples collection summer 2003)*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- IX. Steinunn Kristjánsdóttir 2005: *Skriðuklaustur – hibyli helgra manna. Áfangaskýrsla Skriðuklaustursrannsóknna 2004*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- X. Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2005: *Miðaldaklaustrið á Skriðu. Leirker*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- XI. Steinunn Kristjánsdóttir 2006: *Skriðuklaustur – hibyli helgra manna. Áfangaskýrsla Skriðuklaustursrannsóknna 2005*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- XII. Þóra Pétursdóttir 2006: *Sjónarhólskofi á Múlafrétti. – rannsókn og uppgröftur 8.-15. ágúst 2006*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- XIII. Dagný Arnarsdóttir 2006: *Miðaldaklaustrið á Skriðu – gerðir líkkistna*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- XIV. Pacciani, Elsa 2006: *Anthropological description of skeletons from graves no. 4, 62, 63, 65, 66, 67 and 68 at Skriðuklaustur Monastery*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- XV. Steinunn Kristjánsdóttir 2007: *Skriðuklaustur – hibyli helgra manna. Áfangaskýrsla fornleifarannsóknna 2006*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- XVI. Davíð Bragi Konráðsson 2007: *Bygging Skriðuklausturs*. Verkefni Nýsköpunarsjóðs námsmanna. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- XVII. Steinunn Kristjánsdóttir 2008: *Skriðuklaustur – hibyli helgra manna. Áfangaskýrsla fornleifarannsóknna 2007*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- XVIII. Steinunn Kristjánsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2008: *Skrá yfir grafir frá Skriðuklaustri 2003-2007*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- XIX. Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2008: *Skrá yfir leirkerabrot fundin á Skriðuklaustri 2002-2007*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- XX. Hrönn Konráðsdóttir 2008: *An Archaeoentomological Research of Skriðuklaustur Samples I*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- XXI. Hrönn Konráðsdóttir 2009: *Archaeoentomological analysis of samples from the 2008 season of Skriðuklaustur excavation*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- XXII. Steinunn Kristjánsdóttir, Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Margrét Valmundsdóttir 2009: *Skrá yfir grafir frá Skriðuklaustri 2003-2008. Önnur útgáfa, aukin og endurbætt*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.